

Nd.

112. Frumvarp

til laga um úrskurðarvald sáttanefnda.
Frá nefndinni um verzlunarmál og atvinnumál.

1. gr.

Í skuldamálum, er nema eigi meiru en 50 krónum, skal sáttanefnd, ef skuldheimtumaður krefst þess, kveða upp fullnaðarúrskurð:

- a. Þegar kærði þrátt fyrir löglega birtingu fyrirkallsins mætir ekki og sáttanefndin hefir eigi ástæðu til að ætla, að hann hafi lögleg forföll, er hindri hann frá að mæta eða láta mæta fyrir sig.
- b. Þegar skuldunautur eftir áskorun sáttanefndar um að gefa skýlaus svör um skuld þá, sem hann er krafinn um, viðurkennir afdráttarlaust að hann sé skyldur að borga hana, eða skrifleg viðurkenning liggur fyrir, en hann vill þó ekki sættast, eða eigi er audið að koma á sætt milli málsaðila um aukaatriði, svo sem borgunartíma, vexti og þóknun til skuldheimtumans fyrir ómök og kostnað við málið.

Sáttanefndin ritar í sáttabókina og les upp fyrir málsaðilum kröfur skuldheimtumans, viðurkenning skuldunauts og mótmæli hans, svo og sáttaboð þeirra beggja.

2. gr.

Ákvæði 1. gr. gilda þó eigi:

- a. Þegar skuldheimtumaður hefir, til að tryggja kröfu sína, beitt kyrsetning eða banni, sem mótmælt er af skuldunaut.
- b. Þegar fleiri en einn hafa verið kærðir fyrir sáttanefndinni um sömu skuld, og allir kannast eigi við að hún sé rétt.

3. gr.

Láti skuldheimtumaður hjá líða að krefjast úrskurðar sáttanefndar, þegar svo á stendur sem segir í 1. gr. b., og haldi hann málinu áfram, getur hann ekki fengið sér dæmdan málskostnað, þótt hann vinni málið. Um leið og slíku máli er vísað til aðgerða dómstólanna, skal þess getið, með hverjum kostum skuldunautur vildi sættast.

4. gr.

Nú mætir kærandi eigi á sáttafundi og sáttanefndin hefir eigi ástæðu til að ætla að hann hafi lögleg forföll, er hindri hann frá að mæta eða láta mæta fyrir sig, en kærði mætir og krefst þóknunar fyrir ómak sitt, og skal sáttanefndin þá með úrskurði ákveða honum hæfilega þóknun fyrir ómakið.

5. gr.

Úrskurð eftir lögum þessum ber sáttanefnd að uppkveða þegar á staðnum, ef auðið er, ella í síðasta lagi innan viku. Í úrskurðinum skal það tekið fram, hvort hann hafi verið uppkveðinn í viðurvist málsaðila. Úrskurður sáttanefndar skal ritaður í sáttabókina.

6. gr.

Við hverja sáttanefnd skal skipa varasáttanefndarmann, er tekur sæti í nefndinni, ef annarhvor sáttanefndarmanna er viðriðinn málið eða hefir forföll, svo og þegar sáttanefndarmenn greinir á, er kveða skal upp úrskurð, og ræður þá afl atkvæða.

7. gr.

Nú úrskurðar sáttanefnd, að kærði skuli borga skuld þá, sem krafist er, eða eitthvað af henni, og skal þá í úrskurðinum tiltaka aðalupphæðina, sem borga ber, og vexti ef þá ber einnig að borga, svo og þóknun til skuldheimtumanns fyrir ómök og kostnað við kæru málsins fyrir sáttanefndinni, og fyrir að mæta þar.

8. gr.

Úrskurður sáttanefndar hefir sama gildi sem sátt. Fullnægjufrestur úrskurðarins er 4 vikur, nema málsaðilar hafi komið sér saman um annað fyrir sáttanefnd. Frest þennan ber að reikna frá uppsögn úrskurðarins, hafi hann verið uppkveðinn í viðurvist málsaðila, ella frá birtingu hans.

9. gr.

Fyrir uppsögn og bókun úrskurðar greiðist 1 króna til hvers sáttanefndarmanns, er þar á þátt i. Fyrir endurrit úr sáttabókinni greiðist 25 aurar fyrir hverja hálförk eða minna.

10. gr.

Hafi kærði gagnkröfu á hendur kæranda, getur hann komið fram með hana án kæru til sáttanefndar, ef hún fer eigi fram úr 50 kr. Sé gagnkrafan viðurkend af kæranda eða stafi af skuld, sem eigi er mótmælt, skal sáttanefnd kveða upp úrskurð um gagnkröfuna jafnframt aðalkröfunni, þó svo, að kærði getur eigi fengið úrskurð fyrir meiru en til að jafna skuldaskiftin.

11. gr.

Úrskurði sáttanefndar samkvæmt lögum þessum verður ekki áfrýjað til dómstólanna. Þó getur dómari i því lögsagnarumdæmi veitt leyfisbréf til þess að skjóta úrskurði sáttanefndar til undirréttar, þá er sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. ef kærði getur sannað lögleg forföll, er hafi hindrað hann frá að mæta fyrir sáttanefnd. Fyrir slík leyfisbréf skal greiða 10 kr. er renni i landsjóð.